

**Stofnanasamningur
milli
Veðurstofu Íslands
og
SFR - stéttarfélags í almannajónustu
vegna ofanflóða**

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í SFR – stéttarfélags í almannajónustu (SFR) sem starfa á Veðurstofu Íslands (VÍ) og sinna ofanflóðaeftirliti, eftirliti með auðskriðum og skyldum störfum. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra eins og hann er á hverjum tíma.

2. Forsendur samnings

- Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1994
- Reglugerð um störf og búnað eftirlitsmanna vegna eftirlits með hættu að ofanflóðum nr. 8/1998

3. Hlutverk og skilgreiningar

Snjóathugunarmaður gegnir vaktstörfum meðan á snjóflóðavakt stendur. Utan vakt tímans skal hann sinna mælitækjum og viðhaldi þeirra eins og við á. Sé snjóathugunarmaður tiltækur, aflar hann m.a. gagna um aurskriður og er ráðgefandi aðili fyrir aurskriðuvakt utan vakt tíma

- Aðalmaður: Snjóeftirlitsmaður með fasta vinnuskyldu
- Aðstoðarmaður: Snjóeftirlitsmaður sem einungis vinnur þegar til hans er leitað eða þegar augljósar aðstæður kalla á frumkvæði viðkomandi.

Starfssvið og starfsskyldur aðalmanna og aðstoðarmanna skal tíundað í ráðningarsamningi.

4. Markmið

Aðilar eru sammála um að markmið samnings þessa skuli m.a. vera sem hér segir:

- að hann auðveldi stofnuninni að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna í nútíð og framtíð
- að hvetja til góðs árangurs í starfi og taka mið af árangri einstaklinga og persónubundinni hæfni sem felur í sér tækifæri starfsmanna til þróunar í starfi sínu
- að hann nýtist til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og endurspegli skipulag hennar

1 

6. Launaröðun

Grunnröðun snjóeftirlitsmanna;

- Aðalmenn: launaflokkur 14
- Aðstoðarmenn: launaflokkur 12

7. Starfshlutfall

Starfshlutfall aðalmanna ræðst m.a. af stærð svæðisins og umfangi vinnunnar á hverjum stað. Alla jafna er um að ræða 30%, 50% eða 100% starf. Föst mánaðarlaun eru greidd alla mánuði ársins í sama hlutfalli og starfshlutfallið segir til um.

8. Vinnutími

Starfstími innan almanaksársins getur verið breytilegur eftir staðsetningu og veðurfari. Við það er miðað að megin starfstíminn sé á tímabilinu október til maí (vetrartími). Engu að síður getur starfstíminn verið yfir allt árið þegar um er að ræða svæði þar sem fylgjast þarf með skriðuföllum á tímabilinu júní til september (sumartími). Veðurfar getur skipt verulegu máli hvað þetta varðar (magn úrkomu yfir tíma). Þar sem nauðsyn krefur að fylgst sé með skriðuföllum yfir sumartíma, skulu ávallt aðalmaður og aðstoðarmaður vera ráðnir inn á svæðið, þannig að starfsmenn geti með eðlilegum hætti komist frá vegna töku orlofs.


9. Yfirvinna

Yfir vetrartímann fá aðalmenn greidda fasta yfirvinnu, sem heildargreiðsla fyrir alla þá yfirvinnu sem vinna þarf við ofanflóðaeftirlitið. Greitt er mánaðarlega skv. eftirfarandi:

- 30% starf 16 klst. (alls 112 klst. á vetri)
- 50% starf 20 klst. (alls 140 klst. á vetri)
- 100% starf 25 klst. (alls 175 klst. á vetri)

10. Önnur verkefni

Þegar tækifæri gefst þá sinna snjóeftirlitsmenn ýmsum verkefnum sem tengjast starfinu og tengdum þáttum í þjónustu VÍ á viðkomandi landssvæði. Þannig leggur VÍ áherslu á að allir snjóeftirlitsmenn hittist á námskeiðs- og fræðsludögum einu sinni á ári, þeir annast viðhald á snjósmælistikum og einnig sinna þeir föstu og reglubundnu eftirliti með sjálfvirkum úrkomumælum, þar sem þeir eru til staðar. Um önnur störf getur verið að ræða svo sem í tengslum við varnavirkjagerð, eftirliti með sérstökum mælitækjum, hættumat eða skriðuföll, endurnýjun búnaðar og rafgeyma, o.s.frv. Fyrir þessi störf er greitt sérstaklega með yfirvinnu ef um tilfallandi verkefni er að ræða. Ef þessi verkefni eru reglulegur partur af vinnu viðkomandi skal taka tillit til þess í starfshlutfalli viðkomandi og launasetningu.



11. Bakvaktir

Yfir vetrartímamann fá aðalmenn greiddar bakvaktir fyrir viðveru um helgar og aðra frídaga. Greitt er fyrir tímabilið frá klukkan 08 á laugardagsmorgni til klukkan 24 á sunnudagskvöldi með 45% vaktaálagi. Greitt er fyrir viðveru á stökum helgidögum og öðrum frídögum frá klukkan 08 til 24 (ýmist með 45% vaktaálagi eða 90%), en sé um tvo eða fleiri daga að ræða skal greiða fyrir bakvakt frá kl. 08 að morgni fyrsta dags til miðnættis þess síðasta.

Ef aðalmaður þarf að fara úr heimabyggð tekur aðstoðarmaður við bakvaktinni í samráði við viðkomandi ofanflóðavakt og fær þá bakvaktarálag greitt.

12. Aðstoðarmenn

Greiðslur til aðstoðarmanna miðast við launaflokk 14-0 í launatöflu SFR og ríkisins frá 1. júní 2017. Þeir fá sem svarar hálfum mánaðarlaunum á ári sem kemur til útborgunar 1. júlí ár hvert. Að baki þessari launagreiðslu liggur ekki neitt beint vinnuframlag, en aðstoðarmenn eru þó skyldugir til að svara fyrirspurnum sem ekki krefjast sérstakra athugana aðstoðarmannsins.

Aðstoðarmaður tekur til starfa ef viðkomandi snjóflóðavakt svæðisins eða aðalmaður óskar eftir því eða þegar augljósar aðstæður kalla á frumkvæði viðkomandi.

Fyrir alla vinnu aðstoðarmanna sem krefjast athugana er greitt yfirvinnukaup. Útkall er samkvæmt kjarasamningi og er að lámarki 3 klst. á dagvinnutíma en 4 klst. á næturnar og um helgar.

13. Sérstök hæfni, menntun og álag

Ef upp kemur sú staða að VÍ í samkomulagi við starfsmenn telur forsendur til að meta sérstaka hæfni, álag menntun eða þekkingu starfsmanna til launaþróunar í álagsþrep, skal við viðmiðunar líta til þess stofnanasamnings sem SFR og VÍ hafa gert sín á milli fyrir aðra félagsmenn en þá, sem undir þennan stofnanasamning heyra.

14. Búnaður

VÍ hefur yfirumsjón með að snjóeftirlitsmönnum sé tryggð aðstaða og búnaður og í samræmi við reglugerð Umhverfissráðuneytisins nr. 8/1998.

Ef svo ber undir geta sjóeftirlitsmenn gert samninga við sveitarfélag sitt um búnað og aðstöðu vegna þeirra þátta sem sveitarfélagið ber ábyrgð á.

Leggi starfsmenn til sinn eigin búnað sem Veðurstofa Íslands á að útvega vegna vinnu snjóeftirlitsmanna skal semja um sanngjarnt endurgjald fyrir afnot stofnunarinnar.

15. Tryggingar

Aðalmenn eru slysatryggðir sbr. 7. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sem fjallar um tryggingar sbr. einnig reglur nr. 30/1990 og nr. 31/1990 um skilmála trygginganna sem fjármálaráðherra hefur sett.

Ví slysatryggir aðstoðarmenn sérstaklega sem uppfylla ekki skilyrði 7. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

16. Endurskoðun og gildistími

Samkomulag þetta skal endurskoða samkvæmt ákvæðum 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra, eða þegar annar aðili óskar þess. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

17. Gildistaka


Samningur þessi gildir frá 01.06.2017

Reykjavík, 29.01.2018

f.h. Veðurstofu Íslands




f.h. SFR – Stéttarfélags í almannajónustu



Bókun 1:

Menntunarákvæði 5. og 6. gr. í stofnanasamningi SFR og Veðurstofu Íslands, sem undirritaður var 19. september 2017, gilda einnig um sjóeftirlitsmenn í störfum hjá VÍ

Two handwritten signatures in blue ink, one to the left and one to the right, positioned centrally on the page.